jörðinni til að þroskast



Morgunblaðið/Einar Falur

lýsandi fyrir okkur Íslendinga. Við erum í svo vafasömu jafnvægi,“ segir Daði um skip Ódysseifs sem birtist í þessu sjö metra langa verki sem nefnist Hin rósfingraða morgungyðja, 2 x 7 metrar.

enda ekkert eðlilegra í myndheimi Daða.

„En þessir staðir sem koma við sögu á ferð Ódysseifs tengjast líka andlegri leit og það má líta á allt ferðalag hans sem leit. Hann er á ferðinni heim og eins er það með okkur sem erum í andlegri leit, að við leitum upprunans, sem er andinn. Við erum að tengja okkur við guðdóminn. Sjáðu þetta verk þarna, þar er eggið fyrir miðju. Áður en fólk nær tengingu er það lokað inni í egginu en kemst út þegar það höndlar sannleikann.

Þarna séðu síðan hjörtu. Hjartað skiptir svo miklu máli, því andinn býr í hjartanu. Og ópið í þessu verki þarna; þegar þú ert alveg villtur hróparðu á hjálpræði. Í öllum myndunum eru einhver tákn.“

Þetta er mitt tungumál

Flest verkin á sýningu Daða málaði hann á síðustu árum en í suðurenda salarins eru nokkur eldri verk sem honum þótti tengjast þema sýningarinnar. Á einu þeirra speglast hauskúpa á hvolfi í bylt-ingarkenndri hlandskál Marcels Duchamps, „og þarna er gullkálfurinn,“ segir Daði. „Ég málaði þessa mynd 1999, sama ár og lögin um skuldavafninga voru samþykkt í Bandaríkjunum. Kona sem var að skrifa listfræðiritgerð gerði marxíska greiningu á verki eftir mig og eftir að hafa lesið þau skrif lék ég mér að því að setja nokkur verk í slíkt samhengi.“

Gegnum súrt og sætt hefur Daði haldið tryggð við málverkið. Hvers vegna er það hans miðill?

„Eitt af því sem gerir málverkið svo áhugavert er blekkingin sem í því felst. Þetta er tvívíður flötur en í því sem málað er á hann sér fólk þrívíða heima. Ég hrífst af því. Svo er bein tenging í vinnuferlinu sjálfu, tenging sem hægt er að ná í höggmyndalist, teikningu og málverki. Þetta er tiltölulega einfalt og milliliðalaust ferli.“

Daði segir það að mála vera einskonar leiðsluástand.

„Þetta er sambland af hugsun og hugleiðslu. Í hugleiðslu þarf að gera ákveðna hluti til að koma sér í hugleiðsluástand, fara með möntrur, og það er eins í vinnunni við málverkið.

Annars er ég í raun í hugleiðslu þegar ég mála í dag,“ bætir hann við. „Í sahajayoga er hægt að komast í það ástand að maður sé meira og minna í hugleiðslu – ég finn alltaf straum hérna upp,“ segir hann og ber hönd upp að hvirflinum.

Daði hefur þróað afar persónulegan myndheim, þar sem eru allskyns spíralar og línudans. Birtist karakter hans sjálfs í þessum formum?

„Þegar menn fara að umgangast náttúrana þá læra þeir að í henni eru engar beinar línur. Kjarval vissi það.

Ástæðan fyrir því að fólk hefur skeifu yfir dyrum sér til verndar er að hún hefur þetta þægilega bogaform. Í feng shui-heimspeki Japana er varað við oddhvössum hlutum.

Myndlistin mín gengur út á það að mér líði betur og þar af leiðandi er eðlilegt að ég sé ekki með mikið af hvössum formum. Það má líka tengja myndheiminn við tónlist. Barokklistin er mjög andleg og þar eru líka miklar trillur. Það er ekkert þungarokk í þessum myndum, en kannski var það að finna í upphafi, í nýja málverkinu, en mér fannst eitthvað óþægilegt við það, það var ekki ég. Því ákvað ég að finna mér persónulega leið út úr því, enda erum við hér á jörðinni til að þroskast.“

Daði segir það hafa skipt sköpum fyrir vinnu sína við sýninguna að hann var á starfslaunum listamanna hluta tímans.

„Engin starfsstétt fór eins illa út úr þessu hruni og myndlistarmenn,“ segir hann. „Ég er búinn að vera í þessu í 30 ár og þótt það hafi komið dýfur þá hef ég aldrei séð annað eins – myndlistarmarkaðurinn er stopp.“

En Daði málar af krafti, eins og sjá má. „Olíumálverkið hefur oft verið sleg-ið af á síðustu áratugum en lifir samt ágætu lífi. Þetta er mitt tungumál,“ segir hann og horfir yfir salinn.